

Verksamningur.

Undirritaðir, í samningi þessum nefndir verkkaupi og verktaki gera með sér eftirfarandi samning:

Verkkaupi: Erlín Þóra Þóra 010542-2189
 Verktaki: J.A. Verktakar h. 201292-4809

1. grein.

Verktaki tekur að sér uppslátt veggja ofan gölploetu, undirslátt loftaplötu, járnalagnir i veggj og loft og niðurlögn steinsteypu á húsi því sem sýnt er á teikningum SIL-98,09, frá teiknistofunni Húsey.

2. grein.

Verktaki leggur til verksins móti, steypustyrktarjárn, steypu, menn, vélar og verkfæri eins og til þarf.

3. grein.

Verkkaupi leggur til teikningar, móti í steypu, rafmagn og vatn, ásamt fæði og gistingu fyrir starfsmenn verktaka.

4. grein.

Fyrir verk þetta ber verkkaupa að greiða verktaka kr 9.600.000,- með virðisaukaskatti. Upphæði verðbætist ekki. Samningsupphæð innir verkkaupi af hendi samkvæmt framlögðum reikningum verktaka, eftir því sem verkinu miðar áfram. Reikningar skulu greiddir innan 10 daga frá afhendingu til verkkaupa.

5. grein.

Til tryggingar því að verktaki efni skyldur sínar samkvæmt samningi þessum, afhendir hann verkkaupa tryggingu að upphæð kr 750.000,- útgefna af Vátryggingafélagi Íslands, er standi þar til lokaúttekt hefur farið fram. Tryggingaskjalið skal þannig orðað, að verkkaupa sé heimilt að krefjast fjársins án undangengins úrskurðar, ef hann telur það nauðsynlegt til að bæta galla eða aðrar vanefndir af hálfu verktaka.

6. grein.

Til tryggingar því að verkkaupi efni skyldur sínar samkvæmt samningi þessum afhendir hann verktaka tryggingu að upphæð kr 750.000,- útgefna af Landsbanka Íslands. Tryggingaskjalið skal þannig orðað að verktaka sé heimilt að krefjast fjársins án undangengins úrskurðar, ef hann telur það nauðsynlegt vegna vanefnda verkkaupa.